

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 104/2019****2019/EES/57/23****frá 11. apríl 2019****um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/564 frá 28. mars 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar til hvaða dags mótaðilar geta beitt áhættustýringarferli sínu fyrir tiltekna OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bcs (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0564**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/564 frá 28. mars 2019 (Stjtið. ESB L 99, 10.4.2019, bls. 3).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/565, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. apríl 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 <sup>(²)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. apríl 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 99, 10.4.2019, bls. 3.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.<sup>(²)</sup> Óbirt.